

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 6. september 2019
UST201908-200/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga Deiliskipulag - Rangárþingi ytra - Rjúpnaveilir

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 23. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Rjúpnaveilli í Landsveit í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til 6 ha svæðis út landi Rjúpnavalla en þar er gert ráð fyrir að festa í sessi þær byggingar sem fyrri eru á staðnum en þar eru íbúðarhús, sumarbústaðir, gístiskáli og gestahús og auk þess gerir tillagan ráð fyrir allt að 200 m² skemmu.

Ytri - Rangá


Umhverfisstofnun vill benda að innan skipulagssvæðisins er svæði á tillögu Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) að framkvæmdaráætlun (B-hluta) sem kallast Ytri – Rangá (<https://www.ni.is/greinar/su-ytri-ranga>)

NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja.

Tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin og aðra hagnunaaðila.


Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rými ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B- hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Samkvæmt upplýsingum frá NÍ er forsenda fyrir vali á svæðinu sú að áin er vatnsmikil lindá og þar hefur fundist grunnvatnsflær.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur